


Breyting á stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs vegna stækkunar þjóðgarðsins

Hér er sett fram lýsing á fyrirhugaðri breytingu á stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs vegna stækkunar þjóðgarðsins í Krepputunga og Kverkárnesi (Kverkárrana). Lýsingin er sett fram með hliðsjón af gr. 4.2.3. í Skipulagsreglugerð, nr. 90/2013 vegna tengsla stjórnunar- og verndaráætlunar Vatnajökulsþjóðgarðs við skipulagsáætlanir.

Stækkun þjóðgarðsins

Krepputunga og Kverkárnes komu inn í þjóðgarðinn þann 26. apríl 2013 með setningu reglugerðar nr. 463/2013. Krepputunga (591 km²) liggur milli Jökulsár á Fjöllum og Kreppu. Kverkárnes eða Kverkárrani (81 km²) eins og svæðið hefur stundum verið kallað liggur austan Krepputungu milli Kreppu og Kverkár.



Mynd 1: Stækkun þjóðgarðsins sem breyting á stjórnunar- og verndaráætlun mun ná til.

Þetta er þriðja stækkun Vatnajökulsþjóðgarðs frá því hann var stofnaður árið 2008. Árið 2009 bættist við þjóðgarðinn land á norðursvæði en þar á meðal var náttúruvættið Askja í Dyngjufjöllum. Þá stækkaði þjóðgarðurinn 2011 þegar inn komu m.a. landsvæði á suðursvæði við Hoffell og á vestursvæði, Langisjór og Eldgjá. Stækkunin sem hér um ræðir fellur öll undir austursvæði þjóðgarðsins.

Á Kverkfjallasvæðinu er fjölbreytt landslag. Ummerki eldvirkni, samspil elds og íss, hrikalegt landslag og litadýrð. Beljandi jökulár og viðkvæmar og gróskumiklar gróðurvinjar. Kverkfjöll, Kverkfjallarani og Krepputunga mynda ákveðna heild ummerkja eldsumbrota og hamfarahlaupa. Landslag er víða opið og því víðsýnt, sem veitir sterka upplifun og víðernistilfinningu.

Krepputunga (sem áður var á náttúruminjaskrá) er ungt eldfjallaland og er yfirborð hennar víðast þakið hraunum sem runnið hafa eftir að ísöld lauk. Norður frá Kverkfjöllum gengur Kverkfjallarani út í miðja tunguna og austan í honum, utantil, eru Hvannalindir. Landslagið er ákaflega fjölbreytt en jafnframt viðkvæmt fyrir raski. Svæðið austan Kverkjökuls suður fyrir Kreppuhaga geymir margar viðkvæmar náttúruminjar, fjölbreyttar jarðmyndanir og viðkvæmar gróðurvinjar (í Kreppuhögum) sem standa mjög hátt yfir sjó.

Hvannalindir, austast í Krepputungu, (fyrst friðlýstar 1973) eru ein hinna gróðurríku vinja, sem skapast hafa við uppsprettur á miðhálandinu, og má þar að finna samsvarandi gróður og í Herðubreiðarlindum, þó að þetta svæði liggja um 150 metrum hærra yfir sjó. Krepputungusporður, nyrst í tungunni þar sem Jökulsá á Fjöllum og Kreppa mætast, er fögur og sérstæð vin með viðkvæmu lífríki, jarðmyndunum, gróðri og fuglalífi (heiðagæsavarp) og þar finnast merki um hamfarahlaup og fornan farveg.

Kverkárnes liggur austan Krepputungu og rammast inn af Kreppu og Kverká sem renna undan Brúarjökli. Þangað er einungis hægt að ferðast af jökli.

Vegur F910 liggur í gegnum Krepputungu yfir brú á Kreppu og Jökulsá á Fjöllum við Upptýppinga. Vegur F902 liggur um Lindafjallabak í Kverkfjöll og vegur F903 liggur í gegnum Hvannalindir í Kverkfjöll og sameinast F902 við Kverkhjúkaskarð sunnan Hvannalinda (F902). Þessir vegir eru í veghaldi Vegagerðarinnar. Tvær slóðir eru í Krepputungu, ein að rústum í Hvannalindum og önnur að Hveragili. Tvö þjónustusvæði eru í Krepputungu, annað í Kverkfjöllum þar sem er landvörslustöð, skálagisting, tjaldsvæði, salerni og sturtur. Hitt er í Hvannalindum þar sem er landvörslustöð og þurrsalerni.

Viðfangsefni breytingartillögu

Fyrirgreind stækkun kallar á breytingar á stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins. Fyrir liggur upphaflega áætlunin, sem staðfest var í febrúar 2011 og breytingar á henni vegna stækkunar vestursvæðis sem staðfestar voru í júlí 2013. Stjórnunar- og verndaráætlunin felur að hluta í sér almenna stefnu um þjóðgarðinn allan og gildir sá hluti því einnig fyrir Krepputungu og Kverkárnes en eftir er að móta frekar verndarákvæði og skipulag fyrir nýja svæðið.

Vert er að hafa í huga að stjórnunar- og verndaráætlun er ígildi skipulagsáætlunar, því eins og segir í 13. gr. laga um þjóðgarðinn, nr. 60/2007 eru „sveitarstjórnir bundnar af efni verndaráætlunar við gerð skipulagsáætlana fyrir landsvæði innan Vatnajökulsþjóðgarðs“.

Helstu viðfangsefni áætlunarinnar fyrir Krepputungu og Kverkárnes koma fram í kafla 9 um landnotkun. Þar verður fjallað um verndarsvæði, víðerni, samgöngur, þjónustusvæði, hefðbundna landnýtingu, efnistöku og svæði til sérstakra nota fyrir Krepputungu og Kverkárnes á hliðstæðan hátt og þegar er gert fyrir önnur svæði.

Forsendur stefnumörkunar

Ekki er búist við að þessi viðbót leiði af sér breytingu á almennri stefnu sem sett er fram í stjórnunar- og verndaráætlun fyrir Vatnajökulsþjóðgarð. Við mótun stefnu um landnotkun á nýja svæðinu verða hafðar til hliðsjónar þær rannsóknir og þau gögn sem til eru fyrir svæðið. Hins vegar er vert að taka fram að náttúrufar í Krepputungu og Kverkárnesi (Kverkárrana) er lítt kannað og því er ljóst að taka þarf tillit til þess og notast við varúðaregluna. Svæðið allt er sérstætt og sumstaðar sérlega viðkvæmt, svo sem svæðið austan Kverkjökuls, suður fyrir Kreppuhaga, ásamt Hveragili, Hvannalindum og Krepputungusporði.

Taka þarf afstöðu til m.a. ferðaleiða, fjölda ferðamanna og umfangs þjónustusvæða með hliðsjón af líklegri þróun ferðamennsku á svæðinu og þölmörkum þess.

Tengsl við aðrar áætlanir

Svæðið sem stækkunin nær til er allt innan sveitarfélagsins Fljótshálsa og þarf því að tryggja samræmi milli aðalskipulags sveitarfélagsins og stjórnunar- og verndaráætlunar. Tveir virkjunarkostir í verndarflokki skv. verndar- og orkunýtingaráætlun eru við jaðar stækkunarinnar, þ.e. Arnardalsvirkjun og Helmingsvirkjun. Svæðið er allt innan miðhálandislínu skv. svæðisskipulagi miðhálandis Íslands.

Umhverfismat

Ekki er gert ráð fyrir breytingum á 7. kafla Stjórnunar- og verndaráætlunar um almenna markmiðssetningu og mun breytingin þá ekki kalla á að gert verði umhverfismat áætlana, skv. lögum nr. 105/2006.

Ferli breytingarinnar

Í 12. gr. laga um Vatnajökulsþjóðgarð nr. 60/2007 er kveðið á um ferli breytinga á stjórnunar- og verndaráætlun. Gert er ráð fyrir því að verkferlið verði eftirfarandi:

- Mótun tillögu, þ.m.t. upplýsingaöflun, ritun og samráð: *10 vikur (Lokið 4. apríl 2014)*
- Umfjöllun í svæðisráði og stjórn: *4 vikur (Lokið 1. maí 2014)*
- Auglýsing tillögunnar og samantekt athugasemda: *8 vikur (Lokið 28. júní 2014)*
- Afgreiðsla athugasemda í stjórn: *4 vikur (Lokið 25. júlí 2014)*

Tilhögun samráðs

Gert er ráð fyrir samráði við hagsmunaaðila og stjórnsýslu sem hér segir:

- Fundað verði með lögbundnum umsagnaraðilum, Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun, auk annarra fagstofnana og sveitarfélaginu (Vegagerð, Minjavernd, o.s.frv.) (Tímabilið 25. feb – 4. apríl 2014)
- Fundað verði með fagstofnunum og hagsmunaaðilum á höfuðborgarsvæði t.d. forsætisráðuneyti vegna þjóðlendu (Tímabilið 25. feb – 4. apríl 2014)
- Opinn fundur verði með hagsmunaaðilum heima í héraði t.d. sveitarstjórn, ferðaþjónustuaðilum, vísindafólki, ferðafélögum, útivistarsamtökum, landvörðum og öðrum áhugasömum (Tímabilið 25. feb – 4. apríl 2014)
- Opinn fundur verði með hagsmunaraðilum á höfuðborgarsvæðinu t.d. vísindafólki, landvörðum, útivistarsamtökum, ferðaþjónustuaðilum og öðrum áhugasömum (Tímabilið 25. feb – 4. apríl 2014)